

Alþingi
Erindi nr. P 138/852
komudagur 28.12.2009

From: Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir
To: Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir
Subject: Frá Alþingi - beiðni um álitserð
Date: 28. desember 2009 11:27:58

From: Bjorgvinsson, David Thor [mailto:David.Thor.Bjorgvinsson@echr.coe.int]
Sent: 11. desember 2009 13:57
To: Sigrún Brynja Einarsdóttir
Subject: RE: Frá Alþingi - beiðni um álitserð

Sæl Sigrún Brynja.

Ég skil það svo að komið hafi fram efasemdir um að 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins standist stjórnarskrá. Einkum er spurningin sú hvort í þessu ákvæði felist framsal dómsvalds sem fari í bága við 2. gr. stjkskr.

Ég verð að játa að við lestur á ákvæðinu sé ég ekki í fljótu bragði að tilefni sé til að efast um að ákvæðið sé samrýmanlegt stjkskr. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að með orðunum “þar til bærum úrlausnaraðila” í upphafi 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins sé átt við innlenda dómstóla virðist mér að ekki verði af orðalaginu ráðið að ætlunin sé að binda hendur hinna innlendu dómstóla við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins eða eftir atvikum forúrskurði Evrópu dómstólsins. Ég skil ákvæðið svo, að skylda fjármálaráðherra til að efna til viðræðna o.s.frv. verði aðeins virk ef hinir innlendu dómstólar og EFTA-dómstóllinn (eða eftir atvikum Evrópu dómstóllinn) komast að sömu niðurstöðu um að á íslenska ríkinu hafi ekki hvílt skylda samkvæmt 1. mgr. 2. gr.. Samkvæmt mínum skilningi á orðlagi 2. mgr. 2. gr. felur það ekki í sér að íslenskir dómstólar séu bundnir við niðurstöðu EFTA-dómstólsins (eða eftir atvikum Evrópu dómstólsins) í úrlausn sinni. Þeir geta m.ö.o. komist að annarri niðurstöðu, en þá verður athafnaskylda fjármálaráðherra ekki virk. Þannig verður hún ekki virk ef innlendir dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið beri ekki skyldu samkvæmt 1. mgr. 2. gr., ef EFTA-dómstóllinn hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu, sem og öfugt. Þetta jafngildir því ekki að hinir íslensku dómstólar séu bundnir af EFTA-dómstólnum. Ef þessi skilningur á ákvæðinu er réttur hjá mér sé ég ekki við þessar aðstæður að um framsal dómsvalds geti verið að ræða sem fer gegn stjórnarskrá. Sýnist raunar þetta atriði það einfalt ekki sé tilefni til að taka saman ítarlega lögfræðilega álitserð um það sérstaklega.

Á hinn bóginn kynni einhver að segja að þetta þýði engu að síður að ráðherra (íslenska ríkið) sé í vissum skilningi bundinn af niðurstöðu EFTA-dómstólsins (þegar innlendir dómstólar eru honum sammála um að skyldan sé ekki til staðar). Jafnvel þótt svo yrði litið á er það ekki andstætt stjórnarskrá. Þetta er líka raunin með dóma Mannréttindadómstóls Evrópu og dóma EFTA dómstólsins í sammingsbrotamálum, en dómar þessara stofnana eru bindandi fyrir íslenska ríkið einir og sér og krefjast athafna af handhöfum ríkisvalds (greiðslu bóta, breytinga á löggjöf o.s.frv. eftir því sem við á). Þetta hefur ekki hingað til verið talið skapa stjórnskipuleg vandkvæði enda litið svo á að þetta sé eingöngu þjóðréttarleg skuldbinding sem ekki bindur einstaklinga og lögaðila innan ríkisins.

Hafi ég misskilið þetta og áhugi er fyrir því engu að síður að halda beiðni um álit til streitu verð ég því miður að vikjast undan því vegna starfa minna hér í Strassborg. Ég vil þó þakka það traust sem mér er sýnt með því að fara þessa á leit við mig.

Að lokum. Ég hef tjáð mig um skyld málefni áður. Sjá nánar: *EES-réttur og landsréttur* (2006) sem og *Álitserð um framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana í tilefni af innleiðingu*

reglugerðar nr. 1/2003/EB sem ég samdi fyrir Alþingi síðla árs 2004.

Með bestu kveðjum,
Davíð Þór
